

Útflutningur vegna móttöku umfram mjólkur á verðlagsárinu 2019

Framleidd mjólk umfram greiðslumark hvers árs skal, samkvæmt 29. og 52. grein Búvörulaga nr. 99/1993, fara á erlendan markað á ábyrgð hvers framleiðanda og viðkomandi afurðastöðvar, en Framkvæmdanefnd búvöru-samninga getur heimilað sölu þessara vara innanlands ef heildarframleiðsla verður minni en sala og birgðastaða gefa tilefni til.

Samkvæmt uppgjöri frá Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu 28. janúar 2020 var mjólkurframleiðsla árið 2019 samtals 151.864.653 lítrar, en greiðslumark ársins var 145.000.001 lítrar. Aðildarfélag SAM tóku á móti 151.838.668 lítrum, þar af allri mjólk sem framleidd var umfram greiðslumark samtals 6.864.652 lítrum.

Aðildarfélag SAM fluttu út samtals 2.477 tonn af mjólkurafurðum árið 2019. Sundurliðun útflutnings og umreikningur í mjólk á grunni fitu- og próteininnihalds er í eftirfarandi töflu:

Útflutningur aðildarfélaga SAM árið 2019

Vöruflokkur	Kíló	Umreiknað í lítra mjólkur miðað við	
		fitu (lítrar)	prótein (lítrar)
Skyr	789.476	107.236	2.715.617
Sýrðar vörur	70.183	6.186	168.176
Smjör	211.760	4.570.628	320.816
Ostar	1.020.793	200.118	14.612.725
Undanrennuduft	385.000	60.060	4.682.370
Samtals:	2.477.212	4.944.228	22.499.704

Útflutningur mjólkurafurða á vegum aðildarfélaga SAM árið 2019 var rúmlega þrefalt meiri en umfram mjólk reiknað á próteingrunni. Lagaskyldu um útflutning umfram mjólkur er því fullnægt hvað varðar próteinhluta umfram mjólkur.

Við lok verðlagsársins 2018 átti eftir að flytja út eftirstöðvar af fituhluta umfram mjólkur ársins 2018, sem samsvöruðu 6.699.750 lítrum. Ekki náðist að flytja út nægjanlegt magn á fitugrunni til að ljúka útflutningi vegna umfram mjólkur ársins 2018. Útflutningur á fitugrunni árið 2019 nam 4.944.228 lítrum og í árslok 2019 átti þess vegna eftir að flytja út sem nam 1.755.522 lítrum á fitugrunni, vegna umfram mjólkur árið 2018.

Í árslok 2019 voru einnig í birgðum vörur sem framleiddar voru úr umfram mjólk árið 2019, sem svöruðu til 6.864.652 lítra af mjólk á fitugrunni.

Í árslok 2019 áttu aðildarfélag SAM því eftir að flytja út mjólkurvörur sem samsvara 8.620.174 lítrum á fitugrunni; eða um 400 tonnum af smjöri.